

Umhverfis-, hálendis- og samgöngunefnd - 11 (3.6.2024) - Myrkurgæði og vetrarferðapjónusta - Erindi frá Lava Center og Midgard

Málsnúmer	: 2404100
Málsaðili	: LAVA-Eldfjalla & jarðskjálftami
Niðurstaða (stutt)	: Samþykkt
Fundardagur	: 03.06.2024
Inngangur	: Innsent erindi frá nokkrum ferðapjónustuaðilum á svæðinu þar sem áhugi er á samstarfi um að hefja vinnu við greiningu myrkurgæða og gerð ljósgæðastefnu sem nýst getur sveitarfélaginu í framtíðinni við endurskoðun aðalskipulags. Slík greining og stefnumótun er grunnurinn að því að þróa verkefnið áfram þannig að raunverulegur árangur náist í markaðssetningu svæðisins sem ákjósanlegan áfangastað ferðamanna yfir vetrartímann. Vísað til umsagnar frá Bygðaráði dags. 22.5.2024.
Niðurstaða	: Umhverfis-, hálendis- og samgöngunefnd fagnar framlögðu erindi um gerð ljósgæðastefnu og gerir engar athugasemdir við hugmyndina. Með þátttöku sveitarfélagsins kemur fram vilji þess til að huga almennt að ljósgæðum íbúum og fyrirtækjum til hagsbóta. Verði hún síðan hluti af gerð aðalskipulags hefði hún sem slík, mikið gildi fyrir markaðssetningu fyrirtækja í sveitarfélaginu.